

Fimmtudaginn 1. október 1998.

Nr. 105/1998.

Þórður Tryggvi Stefánsson

(Helgi Jóhannesson hrl.)

gegn

Fiskmarkaði Snæfellsness ehf.

og til réttargæslu

Tryggingamiðstöðinni hf.

(Guðmundur Pétursson hrl.)

Skaðabótamál. Vinnuslys. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Pétur Kr. Hafstein, Garðar Gíslason, Guðrún Erlendsdóttir, Haraldur Henrysson og Hjörtur Torfason.

Áfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar 9. mars 1998. Endanlegar dómkröfur hans hér fyrir dómi eru þær, að stefndi verði dæmdur til að greiða 5.098.200 krónur með 2% ársvöxtum frá 1. apríl 1995 til 21. júní 1997, en með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá þeim degi til greiðsludags. Þá krefst hann málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Engar kröfur eru gerðar á hendur réttargæslustefnda, og hann gerir engar kröfur.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms verður hann staðfestur.

Rétt þykir, að áfrýjandi greiði stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, eins og í dómsorði segir.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Þórður Tryggvi Stefánsson, greiði stefnda, Fiskmarkaði Snæfellsness ehf., 150.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

S é r a t k v æ ð i Hjartar Torfasonar

Þótt slys áfrýjanda hafi sætt rannsókn af hálfu lögreglu og vinnu-
eftirlits, eru skýrslur um hana ekki svo ýtarlegar, að þær veiti full-
nægjandi vitneskju um aðstæður og starfshætti á vinnustaðnum með
tilliti til hugsanlegrar skaðabótaskyldu. Var ástæða til að leita um-
sagnar óháðra skoðunarmanna um þennan þátt málsins ekki síður
en um afleiðingar slyssins, en í héraði var það ekki gert, og sérkunn-
átta meðdómsmanna laut að afleiðingunum einum. Teldi ég því rétt
að ómerkja hinn áfrýjaða dóm og vísa málinu heim í hérað til frek-
ari meðferðar. Aðrir dómendur telja þá ráðstöfun ekki eiga við, og
ber mér því að taka þátt í efnisúrlausn málsins. Er ég þá samþykkur
atkvæði þeirra að öllu leyti.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 11. febrúar 1998.

Mál þetta, sem dómtekið var 23. janúar sl., var höfðað með stefnu, árit-
aðri um birtingu 6. júní 1997.

Stefnandi er Þórður Tryggvi Stefánsson, kt. 231263-7999, Brautarholti 4,
Ólafsvík.

Stefndi er Fiskmarkaður Snæfellsness ehf., kt. 411191-1259, við Banka-
stræti, Ólafsvík.

Réttargæslustefndi er Tryggingamiðstöðin hf., kt. 660269-2079, Aðal-
stræti 6–8, Reykjavík.

Endanlegar dómkröfur stefnanda.

Aðalkrafa:

Af hálfu stefnanda er sú aðalkrafa gerð, að stefndi, Fiskmarkaður Snæ-
fellsness ehf., verði dæmdur til greiðslu á 6.504.200 krónum með 2% vöxt-
um á ári frá 1. apríl 1995 til 21. júní 1997, en með dráttarvöxtum skv. III.
kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 21. júní 1997 til greiðsludags.

Þá er þess krafist, að dráttarvextir leggist við höfuðstól skuldarinnar á
tölf mánaða fresti, í fyrsta sinn 21. júní 1998.

Varakrafa:

Af hálfu stefnanda er sú varakrafa gerð, að stefndi, Fiskmarkaður Snæ-
fellsness ehf., verði dæmdur til greiðslu 5.098.200 króna með 2% vöxtum á
ári frá 1. apríl 1995 til 21. júní 1997, en með dráttarvöxtum skv. III. kafla
vaxtalaga nr. 25/1987 frá 21. júní 1997 til greiðsludags.

Þá er þess krafist, að dráttarvextir leggist við höfuðstól skuldarinnar á
tölf mánaða fresti, í fyrsta sinn 21. júní 1998.

Í báðum tilvikum (aðal- og varakröfu) er einnig krafist málskostnaðar úr hendi stefnda að viðbættum virðisaukaskatti.

Ekki eru gerðar sérstakar kröfur á hendur réttargæslustefnda.

Dómkröfur stefnda.

Aðalkrafa stefnda, Fiskmarkaðar Snæfellsness ehf., er um sýknu af öllum kröfum stefnanda og að stefnandi verði dæmdur til að greiða málskostnað að mati dómsins.

Til vara er þess krafist, að stefnukrafa verði verulega lækkuð og málskostnaður felldur niður.

Af hálfu réttargæslustefnda eru engar kröfur gerðar, enda eru engar kröfur gerðar á hendur honum.

Málavextir.

1. apríl 1995 slasaðist stefnandi, sem er framkvæmdastjóri Fiskmarkaðar Snæfellsness ehf., við vinnu sína á athafnasvæði fiskmarkaðarins. Tildrög slyssins munu vera þau, að stefnandi fór inn í lyftarageymslu fyrirtækisins til þess að sækja lyftara, sem þar var í hleðslu, og var ætlun stefnanda að sækja fisk, sem var fyrir utan húsið og átti að fara í hús fyrirtækisins. Þegar hann var að aka lyftaranum út úr geymslunni, segir stefnandi, að inngjöf lyftarans, sem er fótstiginn, hafi staðið á sér og vírst vera föst og því verið full inngjöf. Vegna þessa hafi komið fát á sig, enda hafi lyftarinn stefnt beint á kyrrstæða bifreið, sem þarna var, og í fátinu hafi vinstri fótur sinn runnið út úr lyftaranum á sömu stundu og lyftarinn lenti utan í vegg og fóturinn orðið á milli.

Stefnandi slasaðist töluvert, en komst inn á kaffistofu, og var þar hringt á sjúkrahúsið. Var stefnandi fluttur á Heilsugæslustöðina í Ólafsvík og gert þar að meiðslum hans. Voru meiðslin þau, að tær og ristarbein á vinstra fæti brotnuðu, og auk þess kom stórt sár á vinstri rist. Var aðgerð gerð á fætinum á heilsugæslustöðinni. Um tíu dögum eftir aðgerðina kom í ljós, að miðtá hafði skaddast svo mikið, að blóðrás í henni stöðvaðist, og var hún því fjarlægð. Var stefnandi síðan meðhöndlaður á heilsugæslustöðinni, en fór jafnframt í sjúkrahjálfun. Var hann útskrifaður 50% vinnufær 17. október 1995, en að fullu vinnufær 1. janúar 1996.

Örorka stefnanda var metin af örorkunefnd. Var sú niðurstaða nefndarinnar, að varanlegur miski var talinn 10%, en engin varanleg örorka.

Að ósk stefnanda voru dómkvaddir matsmenn til þess að meta afleiðingar slyssins. Voru dómkvaddir til verksins þeir Halldór Jónsson læknir og Stefán Már Stefánsson prófessor, og með matsgerð, dags. 19. apríl 1997, komust þeir að þeirri niðurstöðu, að varanlegur miski stefnanda teldist 15% og varanleg örorka 15%.

Stefnandi hélt fullum launum þrátt fyrir fjarveru vegna veikinda, og greiddi réttargæslustefndi stefnda 1.562.500 krónur í bætur vegna þessara útgjalda.

Málsástæður og rökstuðningur stefnanda.

Stefnandi grundvallar bótakröfu sína á reglum skaðabótaréttar, einkum á ölögfestum reglum um hlutlæga ábyrgð vinnuveitanda vegna bilunar eða galla í tæki. Ljóst sé, að orsök tjónsins hafi verið sú, að inngjöf lyftarans hafi staðið á sér. Ekki liggi neitt fyrir um, að stefnandi eigi á nokkurn hátt sök á tjóninu, hvorki vegna ásetnings né gáleysis. Af þessum sökum beri stefndi ábyrgð á tjóninu.

Stefnandi reisir fjárhæð dómkrafna sinna á því, að við útreikning bótanna beri að styðjast við mat hinna dómkvöddu matsmanna, en ekki álit örorkunefndar. Augljóst sé við könnun þessara tveggja álita, að matsgerð hinna dómkvöddu matsmanna sé mun betur unnin og rökstudd, og auk þess hafi þar verið að verki tveir matsmenn, sem hafi tekið fullan þátt í matsstörfunum allan tímann. Einungis einn aðili frá örorkunefnd hafi talað við og skoðað stefnanda, enda þótt álit nefndarinnar sé undirritað af þremur nefndarmönnum. Slíkur grundvallarmunur sé á niðurstöðu í þessum tveimur álitum, að jafnvel megi ætla, að einhver mistök hafi orðið við afgreiðslu málsins hjá örorkunefnd.

Stefnandi sundurliðar kröfur sínar svo:

Aðalkrafa:

I. Varanleg örorka:

Tekjur árið 1994 3.586.739 kr. $\times 10 =$	
$35.867.390 \times 15\% = 5.380.108 \times 3548/3396$	5.621.000 kr.

II. Miski:

$4.000.000 \times 3548/3282 \times 15\%$	648.500 kr.
--	-------------

III. Þjáningarbætur:

$1.300 \times 3548/3282 = 1.405 \times 131$ dagar = 205.130	
$700 \times 3548/3282 = 756 \times 67$ dagar = 43.092	234.700 kr.

Samtals I., II. og III.	6.504.200 kr.
-------------------------	---------------

Varakrafa sundurliðast þannig:

I. Varanleg örorka:

Tekjur árið 1994 3.586.739 kr. $\times 7,5 =$	
$26.900.542 \times 15\% = 4.035.081 \times 3548/3396$	4.215.000 kr.

II. Miski:

$4.000.000 \times 3548/3282 \times 15\%$	648.500 kr.
--	-------------

III. Þjáningarbætur:

$$1.300 \times 3548 / 3282 = 1.405 \times 131 \text{ dagar} = 205.130$$

$$700 \times 3548 / 3282 = 756 \times 67 \text{ dagar} = 43.092 \quad \underline{234.700 \text{ kr.}}$$

Samtals I., II. og III. 5.098.200 kr.

Stefnandi segir kröfugerð grundvallaða á ákvæðum skaðabótalaga nr. 50/1993, einkum 3., 4., 5., 6., 7., 15. og 16. gr. með síðari breytingum.

Aðalkrafa sé við það miðuð, að hinn svokallaði margföldunarstuðull í 6. gr. laganna sé 10, en ekki 7,5, svo sem var áður en lögunum var breytt með lögum nr. 42/1996. Ekkert sé um það fjallað í lögum nr. 42/1996 um breytingu á skaðabótalögum, hvernig fara skuli með uppgjör á tjóni, sem varð fyrir breytinguna, en hafði þá ekki verið gert upp, svo sem er í máli þessu. Ljóst sé þó, að ofangreindar breytingar á skaðabótalögum hafi verið gerðar í því skyni að leiðrétta skekkju, sem talin var vera í upphaflega ákvæðinu, þar sem talið var, að tjónþolar fengju ekki fullar bætur, ef einungis væri miðað við margföldunarstuðulinn 7,5. Augljóst sé því, að uppgjör á grundvelli þess stuðuls nú gefi ranga niðurstöðu.

Varakrafa málsins byggist á sama grundvelli og aðalkrafa að öðru leyti en því, að þar er miðað við margföldunarstuðulinn 7,5.

Um grundvöll bótakröfunnar vísar stefnandi til reglna skaðabótaréttar, einkum ólögfestrar reglu um hlutlæga ábyrgð vinnuveitanda vegna bilunar eða galla í tæki. Þá er vísað til skaðabótalaga nr. 50/1993 með síðari breytingum. Dráttarvaxtakrafa er gerð á grundvelli vaxtalaga nr. 25/1987. Málskostnaðarkrafa er gerð á grundvelli 130. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

Málsástæður og rökstuðningur stefnda.

Af hálfu stefnda er því mótmælt, að stefndi sé bótaskyldur gagnvart stefnanda á grundvelli reglna um hlutlæga ábyrgð. Slíkar reglur byggist annaðhvort á beinum lagafyrirmælum eða úrlausnum dómstóla. Fullvíst sé, að lagaákvæði um slíka ábyrgð séu ekki til í því tilviki, sem hér er fjallað um, né hafi dómstólar komist að slíkri niðurstöðu, svo að kunnugt sé.

Um þær fullyrðingar stefnanda, að lyftari sá, er hann ók umrætt sinn, hafi ekki verið í fullkomnu lagi og inngjöf lyftarans hafi fest og hann þannig misst stjórn á lyftaranum, fát komið á sig með þeim afleiðingum, að hann meiddist, beri að hafa í huga, að hér sé stefnandi einn til frásagnar, en engin vitni hafi verið að slysinu. Rannsókn á slysinu hafi farið fram 8. apríl 1995 og þá að beiðni umboðsmanns réttargæslustefnda. Hinn 12. apríl 1995 hafi lyftarinn verið skoðaður af Vinnueftirliti ríkisins og gerðar athugasemdir um það, sem lagfæra þurfi í honum, en hvergi sé minnst á umrædda

inngjöf og því ekkert, sem bendi til, að hún hafi verið í ólagi. Telur stefndi það algerlega ósannað.

Þá beri að hafa í huga, að stefnandi sé framkvæmdastjóri stefnda og sem slíkur hljóti hann að bera ábyrgð á því, að vélar og tæki, sem verið er að nota við starfsemina, séu í lagi. Þá liggi fyrir, að stefnandi hafi ekki haft réttindi til að stjórna lyftara. Að mati stefnda hafi hann þegar af þeirri ástæðu fyrirgert öllum rétti sínum til hugsanlegra bóta vegna þeirra meiðsla, er hann hafi hlotið umrætt sinn.

Um greiðslur, sem umboðsmaður réttargæslustefnda greiddi stefnda á tímabilinu 26. júlí 1995 til 22. desember 1995, er tekið fram, að stefndi hafi verið með slysa- og ábyrgðartryggingu fyrir starfsmenn sína hjá réttargæslustefnda, þegar óhappið varð.

Enginn vafi hafi verið á greiðsluskyldu réttargæslustefnda úr slysatryggingunni, en hins vegar sé það skilyrði fyrir greiðslum úr ábyrgðartryggingu, að um sé að ræða ábyrgð að lögum. Þegar áður nefndar greiðslur voru inntar af hendi, hafi ekki legið fyrir afstaða til bótaskyldu úr ábyrgðartryggingu stefnda og því um að ræða mistök af hálfu umboðsmanns réttargæslustefnda að þessu leyti. Þær greiðslur geti ekki reist neinn rétt stefnanda til handa, enda ekki greiddar honum.

Varakrafa stefnda um lækkan er studd eftirfarandi rökum:

Stefnandi sé æðsti yfirmaður stefnda og hljóti því að bera ábyrgð á hugsanlegum vanbúnaði eða bilunum tækja, sem þar séu í notkun. Í öðru lagi hafi hann verið réttindalaus til aksturs lyftara, en eigi að síður hafi hann sjálfur ákveðið óumbeðinn að ganga til verksins. Í þriðja lagi sé haft eftir stefnanda, að orsök slyssins hafi verið fát, sem á hann kom, þegar hann missti stjórn á lyftaranum og klemmdi fótinn. Um það geti hann engum öðrum kennt en sjálfum sér. Þetta telur stefndi tvímælalaust eiga að leiða til þeirrar niðurstöðu, ef ekki verður sýknað, að stefnandi þurfi a. m. k. að bera meginhluta sakarinnar sjálfur.

Þá er því haldið fram, að engin efni séu til þess við ákvörðun bóta í málinu, ef ekki verður fallist á sýknukröfu stefnda, að miða við annað og hærra mat en örorkunefndar. Örorkunefnd sé opinber nefnd, sérstaklega skipuð til að fjalla um álitamál eins og hér sé til umfjöllunar, sbr. ákvæði skaðabótalaga nr. 50/1993. Nefndarmenn séu kunnáttumenn á þessu sviði og hafi öðlast mikla reynslu við störf sín, og ætti það að tryggja niðurstöðu, sem reist sé á faglegum grunni. Þess vegna er því haldið fram, að niðurstöðu nefndarinnar verði ekki hnekkt með mati hinna dómkvöddu matsmanna, enda matsmennirnir aðeins tveir, þ. e. a. s. einn læknir og einn lögfræðingur, en í örorkunefnd séu þrír, tveir læknar og einn lögfræðingur.

Undir engum kringumstæðum komi til greina að miða við annan eða hærri margföldunarstuðul en 7,5, sem gildi á slysdegi um batur vegna varanlegrar örorku skv. 6. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993. Þetta er af þeirri einföldu ástæðu, að lög verka almennt ekki aftur fyrir sig og alls ekki, nema það sé skýrt tekið fram í þeim sjálfum, sem sé ekki í þessu tilviki.

Um kröfugerð stefnanda að öðru leyti eru gerðar eftirfarandi athugasemdir:

Varanleg örorka.

Fallist er á tekjuviðmiðun stefnanda, þ. e. a. s. fram taldar tekjur árið 1994, 3.586.739 krónur. Það er þó skilningur stefnda, að með 1. mgr. 7. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993 sé átt við heildartekjur síðustu tólf mánuði fyrir slysið, en í þessu tilviki skiptir það nánast engu máli og því ekki ástæða til að amast við þeirri aðferð, sem stefnandi notar að þessu leyti.

Miski.

Ekki eru gerðar athugasemdir við fjárhæð miskabóta að öðru leyti en því, að eins og áður segir, er því haldið fram, að leggja beri niðurstöðu örorkunefndar til grundvallar, svo að miskabótastuðullinn sé 10%, en ekki 15%, eins og stefnandi gerir ráð fyrir.

Þjáningarbætur.

Um þjáningarbæturnar telur stefndi, að vísa beri þeim lið frá dómi, þar eð ógerlegt sé að átta sig á í gögnum málsins, hvernig skiptingin, er stefnandi miðar við, í 146 daga á grunntölunni 1300 og 57 daga á grunntölunni 700, er fundin. Í sjálfu sér er ekki vefengt, að einhverjar þjáningarbætur eigi að greiða, ef um bótaskyldu yrði talið að ræða, en krafan sé svo óljós og örökstudd að þessu leyti, að stefndi telur einsýnt, að vísa verði henni frá dómi vegna vanreifunar. Þá er því haldið fram, að dráttarvexti eigi einungis að reikna frá endanlegri dómsuppsögu.

Við aðalmeðferð málsins gáfu skýrslu fyrir dómi stefnandi og Páll Ingólfsson, umboðsmaður réttargæslustefnda á Ólafsvík.

Niðurstaða.

Fram kom hjá stefnanda, að atvik að slysinu hafi verið þau, að hann hafi farið inn í geymslu að ná í lyftarann til þess að sækja fisk, sem var á kerru fyrir utan. Þegar hann var á leið út, hafi bíll verið kominn inn í húsið. Á þeirri stundu hafi rafmagnsgjöf lyftarans fest. Þegar stefnandi sá bílinn og var að stefna á hann, hafi honum brugðið og hann tekið í stýrið, svo að lyftarinn kastaðist til og lenti á vegg og fótur stefnanda orðið á milli veggjar og lyftara.

Stefnandi kvaðst ekki vita, hvers vegna inngjöfin festist, þetta hafi hvorki

gerst fyrr né síðar. Ekki hafi þurft að lagfæra inngjöfina eftir slysið. Á nýrri gerðum af lyfturum sé búið að breyta inngjöf. Stefnandi kvaðst hafa verið vanur vinnu á lyftaranum, en ekki hafa haft lyftararéttindi á þessum tíma. Hann er með almenn ökuréttindi og meirapróf á vörubíla og rútur. Stefnandi vann oft við lyftarann, og það hefðu flestir starfsmenn stefnda gert. Þeir starfsmennirnir séu og hafi verið fjórir. Enginn þeirra hafi á þessum tíma haft lyftararéttindi. Enginn sérstakur starfsmaður hafi haft umsjón með lyftaranum.

Stefnandi kvaðst hafa risið úr rekkju eftir slysið í kringum 10. ágúst og hafið störf hálfan daginn í október eða nóvember um haustið, en fullt starf um áramót. Hann fékk full laun allan tímann, en átti rétt á fullum launum í einn mánuð. Stefnandi starfar enn hjá stefnda sem framkvæmdastjóri. Stefnandi sagði líðan sína slæma, hann hefði stöðuga verki, og væri ástandið sérstaklega slæmt í kulda og frosti. Talað hefði verið um að taka framan af ristinni.

Stefnandi kvað stefnda hafa fengið greitt úr ábyrgðartryggingu sex sinnum og aldrei verið gerður neinn fyrirvari um greiðslurnar. Umboðsmaður stefnda hafi greitt þetta.

Fram kom hjá Páli Ingólfssyni, umboðsmanni réttargæslustefnda á Ólafsvík, að hann hefði óskað eftir rannsókn hjá lögreglu og vinnueftirliti og sent gögn til aðalstöðva réttargæslustefnda. Síðan hafi liðið einhver tími. Stefnandi hafi nokkrum sinnum haft samband við umboðsmanninn og haldið því fram, að um bótaskyld mál væri að ræða og hvort ekki bæri að greiða bætur. Páll kvaðst hafa haft samband við yfirmenn sína og síðan beðið um læknisvottorð. Í júlí ákvað Páll að greiða stefnanda inn á þessar bætur, og hefði það verið gert samkvæmt gögnum frá stefnanda um laun og launagreiðslur. Páll kvaðst hafa ákveðið þetta í samræmi við höfuðstöðvar að ákveðnu marki. Taldi hann sig hafa samþykki fyrir því að greiða þetta, en kvaðst ekki hafa haft neinn úrskurð um það. Hann hafi ýtt á eftir um það að fá úr því skorið, hvernig ætti að afgreiða þetta, og kvaðst hafa talið sig hafa umboð til þess að greiða inn á tjónið. Hann kvaðst hafa ályktað, að hann hefði umboð til þess að hefja greiðslur. Í flestum málum sé haft samráð við aðalskrifstofu. Stefnandi hafi ýtt á eftir greiðslum og Páll við starfsmann aðalstöðva, en kvaðst ekki hafa fengið neina „nóteringu“ um, hvernig ætti að gera það. Sum mál afgreiði umboðsmenn alveg sjálfir, en öll gögn fari til aðalstöðva. Stærri tjón sé afgreitt af aðalstöðvum og allar greiðslur vegna slysa á fólki séu inntar af hendi af aðalstöðvum. Það hafi verið óvenjulegt í þessu tilviki, að umboðsmaðurinn greiddi sjálfur. Að öllu jöfnu afgreiði umboðsmenn ekki slysatjón. Umboðsmaðurinn kvaðst ekki hafa

velt því fyrir sér, hvort þessar greiðslur væru greiddar úr ábyrgðartryggingu eða slysatryggingu. Ætlaði umboðsmaðurinn að greiða tjónþola þessar bætur, en hann hefði farið fram á það, að vinnuveitanda sínum væru greiddar þær, þar sem hann hefði fengið sín laun greidd frá vinnuveitanda. Greiðslur hafi allar verið inntar af hendi til stefnda. Stefnandi kom með afrit af launaseðli eða launaseðlum og sýndi, hver laun hans væru. Umboðsmaðurinn taldi, að greiðslur hefðu verið úr ábyrgðartryggingu, en kvaðst ekki hafa velt því fyrir sér á þeim tíma; það sé ekki í sínum verkahring að úrskurða í slíkum málum.

Í skýrslu Vinnueftirlits ríkisins, dags. 12. apríl 1995, um skoðun á lyftaranum, sem stefnandi slasaðist á, er ekkert um bilun í inngjöf lyftarans. Það, sem lagfæra þurfti að áliti eftirlitsmanns, var eftirfarandi: herða út í hemla, setja baksýnisspegil í grindarhorn og lagfæra slit í fremri bolta á . . . tjakk vinstra megin. Eru fullyrðingar af hálfu stefnanda um, að bilun eða galli í lyftaranum hafi valdið slysinu, því ósannaðar. Stefnandi, sem var og er framkvæmdastjóri stefnda, laut ekki stjórn eða fyrirmælum annarra starfsmanna stefnda við framkvæmd verksins. Ekki hefur verið sýnt fram á önnur atvik, sem valdi því, að stefndi beri ábyrgð á tjóni stefnanda. Ber því að sýkna stefnda af kröfum stefnanda í máli þessu.

Það breytir ekki niðurstöðu þessari, að umboðsmaður réttargæslustefnda greiddi samtals 1.562.500 krónur með sex fyrirvaralausum greiðslum vegna tjóns þessa til stefnda, sem greiddi stefnanda óskert laun allan þann tíma, sem hann var frá vinnu vegna slyssins. Á síðustu greiðslukvittuninni, sem dagsett er 22. des. 1995, segir í skýringardálki: Des. 95 v/Pórðar/Loka-greiðsla v/launa.

Niðurstaða málsins samkvæmt framansögðu er því sú, að stefndi er sýknaður af kröfum stefnanda í máli þessu.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Auður Þorbergsdóttir héraðsdómari, dr. Ásgeir Ellertsson læknir og Guðmundur Björnsson læknir kveða upp dóm þennan.

D ó m s o r ð:

Stefndi, Fiskmarkaður Snæfellsness ehf., skal vera sýkn af kröfum stefnanda, Pórðar Tryggva Stefánssonar, í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður.